

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
<b>2016/EES/2/01</b>		Beiðni Oslo tingrett dagsett 6. janúar 2016 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Synnøve Finden gegn Staten v/Landbruks- og matdepartmentet (mál E-1/16) . . . . .	<b>1</b>
<b>2016/EES/2/02</b>		Mál höfðað 17. nóvember 2016 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (mál E-17/16) . . . . .	<b>1</b>
<b>2016/EES/2/03</b>		Mál höfðað 17. nóvember 2016 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (mál E-18/16) . . . . .	<b>2</b>
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
<b>2016/EES/2/04</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8199 – Bunge/European Oilseed Processing Facilities) . . . . .	<b>3</b>
<b>2016/EES/2/05</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8207 – Emerson Electric/Pentair valves and controls business) . . . . .	<b>4</b>
<b>2016/EES/2/06</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8252 – TPG Capital/Intel Security) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>5</b>
<b>2016/EES/2/07</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8279 – NN Group/CBRE/PV/Real Estate Portfolio in Germany) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>6</b>
<b>2016/EES/2/08</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8311 – Altor Fund IV/Transcom WorldWide AB) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>7</b>
<b>2016/EES/2/09</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8316 – Advent/Brammer) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>8</b>

<b>2016/EES/2/10</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8327 – Fairfax/Sagard Holdings/PSG) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>9</b>
<b>2016/EES/2/11</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8328 – The Cerberus Group/Staples Europe) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>10</b>
<b>2016/EES/2/12</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8338 – Apax Partners/Unilabs) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>11</b>
<b>2016/EES/2/13</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8339 – Macquarie/Predica/Pisto) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>12</b>
<b>2016/EES/2/14</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8364 – Onex/Parkdean) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>13</b>
<b>2016/EES/2/15</b>	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Ríkisaðstoð SA.24030 (2015/C) (áður 2015/NN) (áður N 512/07) – Tryggingar vegna fjárfestingar- og veltufjárlána í þágu Abalon Hardwood Hessen GmbH – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins . . . . .	<b>14</b>
<b>2016/EES/2/16</b>	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. október 2015 um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins (mál AT.39639 – ljósfræðilegt diskadriif) . . . . .	<b>14</b>
<b>2016/EES/2/17</b>	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlanarflug felldar niður (Ítalía) . . . . .	<b>15</b>
<b>2016/EES/2/18</b>	Auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2016 – Þriðja aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014–2020) . . . . .	<b>15</b>
<b>2016/EES/2/19</b>	Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum . . . . .	<b>16</b>

# EFTA-STOFNANIR

## EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Beiðni Oslo tingrett dagsett 6. janúar 2016 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Synnøve Finden gegn Staten v/Landbruks- og matdeparmentet** **2017/EES/2/01**  
**(Mál E-1/16)**

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf Oslo tingrett (héraðsdómur Osló) frá 6. janúar 2016, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 18. janúar 2016, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Synnøve Finden gegn Staten v/Landbruks- og matdeparmentet (í fyrirsvari fyrir norska ríkið er landbúnaðar- og matvælaráðuneytið) að því er varðar eftirfarandi atriði sem snerta reglugerð frá 29. júní 2007 nr. 832 um verðjöfnunarkerfi fyrir mjólk (verðjöfnunarreglugerðin) :

- 1.1. Er aðstoðarfyrirkomulagið sem getið er um í þriðju málsgrein 8. gr. verðjöfnunarreglugerðarinnar þess eðlis að dómstóllinn verði að líta til reglna um staðfesturétt í 31. gr. EES-samningsins við umfjöllun sína um lögmæti þess?
- 1.2. Ef dómstóllinn þarf að líta til 31. gr. EES-samningsins í tengslum við lögmæti þriðju málsgreinar 8. gr. verðjöfnunarreglugerðarinnar, skiptir 31. gr. EES-samningsins þá einungis máli ef þjónusta yfir landamæri er þáttur í málinu?
- 1.3. Ef dómstóllinn þarf að líta til 31. gr. EES-samningsins í tengslum við lögmæti þriðju málsgreinar 8. gr. verðjöfnunarreglugerðarinnar, skiptir 31. gr. EES-samningsins þá einungis máli í tengslum við það sem almennt er vísað til sem framleiðsluvörur tilgreindar í bókun 3, eða verður það talið fela í sér aðstoð við samgöngur sem varðar alla vöruflokka, jafnvel þó að flutningur takmarkist við eigin vörur aðilans?
- 2.1. Er aðstoðarfyrirkomulagið sem getið er um í þriðju málsgrein 8. gr. verðjöfnunarreglugerðarinnar fyrirkomulag sem krefst þess að Eftirlitsstofnun EFTA sé tilkynnt um það fyrirfram skv. 60. gr. EES-samningsins?
- 2.2. Ef aðstoðarfyrirkomulagið, sem getið er um í þriðju málsgrein 8. gr. verðjöfnunarreglugerðarinnar, útheimtir að Eftirlitsstofnun EFTA sé tilkynnt um það fyrirfram skv. 60. gr. EES-samningsins, varðar það þá einungis vörur sem almennt er vísað til sem framleiðsluvörur tilgreindar í bókun 3, eða verður það talið fela í sér aðstoð við samgöngur sem hefur þýðingu að því er varðar alla vöruflokka?

**Mál höfðað 17. nóvember 2016 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi**  
**(Mál E-17/16)**

**2017/EES/2/02**

Hinn 17. nóvember 2016 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Carsten Zatschler og Marlene Lie Hakkebo, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Brussels.

Eftirlitsstofnun EFTA krefst þess að EFTA-dómstóllinn:

1. Lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. gerðinni sem vísað er til í lið 1c í XXIV. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (*tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/127/EB frá 21. október 2009 um breytingu á tilskipun 2006/42/EB að því er varðar vélar*

*fyrir notkun varnarefna*), skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og skv. 7. gr. sammingsins, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg til þess að taka gerðina upp í íslenskan rétt, eða í síðasta lagi með því að tilkynna ekki Eftirlitsstofnun EFTA um innleiðinguna.

2. Íslenska ríkinu sé gert að greiða málskostnað.

*Lagagrundvöllur, málavextir, málsástæður og lagarök lögð fram til stuðnings:*

- Í stefnunni kemur fram að Ísland hafi vanefnt að hlíta, fyrir 9. apríl 2016, rökstuddu álit Eftirlitsstofnunar EFTA frá 9. febrúar 2016 um að hafa látið hjá líða að taka upp í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/127/EB frá 21. október 2009 um breytingu á tilskipun 2006/42/EB að því er varðar vélar fyrir notkun varnarefna, sem vísað er til í lið 1c í XXIV. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, og skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn („gerðin“).
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og samkvæmt 7. gr. EES-sammingsins með því að setja ekki ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina upp í íslenskan rétt innan tilskilins tíma.

**Mál höfðað 17. nóvember 2016 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi**

**2017/EES/2/03**

**(Mál E-18/16)**

Hinn 17. nóvember 2016 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirvari eru Carsten Zatschler og Marlene Lie Hakkebo, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Brussels.

Eftirlitsstofnun EFTA krefst þess að EFTA-dómstóllinn:

1. Lýsi yfir að Ísland hafi látið hjá líða að gera ráðstafanir til þess að taka gerðina sem vísað er til í lið 12zzq í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (*ESB*) nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna), skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í íslenskan rétt, eins og kveðið er á um í 7. gr. EES-sammingsins.
2. Íslenska ríkinu sé gert að greiða málskostnað.

*Lagagrundvöllur, málavextir, málsástæður og lagarök lögð fram til stuðnings:*

- Í stefnunni kemur fram að Ísland hafi vanefnt að hlíta, fyrir 2. maí 2016, rökstuddu álit Eftirlitsstofnunar EFTA frá 2. mars 2016 um að hafa látið hjá líða að taka upp í íslenskan rétt *reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna*, sem vísað er til í lið 12zzq í XV. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn („gerðina“).
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og samkvæmt 7. gr. EES-sammingsins með því að setja ekki ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina upp í íslenskan rétt innan tilskilins tíma.

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8199 Bunge/European Oilseed Processing Facilities)

2017/EES/2/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. desember 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Koninklijke Bunge B.V. („Bunge“) öðlast með kaupum á eignum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir tveimur evrópskum verksmiðjum fyrir vinnslu olíufræja og tilteknum búlka-stöðvum hollenska fyrirtækisins Cargill B.V. og franska fyrirtækisins Cargill France SAS.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Bunge: starfar á sviði öflunar, geymslu, vinnslu og sölu landbúnaðarhrávara, einkum olíufræja og korns. Bunge vinnur olíufræ um heim allan og framleiðir jurtaolíu og olíufrækökur.
  - Andlag kaupanna: tilteknar eignir Cargill í Hollandi og Frakklandi. Í Hollandi er um að ræða aðstöðu á hafnarsvæði í Amsterdam til að pressa og hreinsa olíufræ. Í Frakklandi er um að ræða aðstöðu á hafnarsvæði í Brest til að pressa og geyma olíufræ sem ætlunin er að nota til að framleiða olíu og olíufrækökur. Á báðum hafnarsvæðunum er mögulegt að vinna annaðhvort sojabauur eða repjufræ.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 10, 13.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8199 – Bunge/European Oilseed Processing Facilities og eftirfarandi póstarsitun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál M.8207 Emerson Electric/Pentair valves and controls business)**

2017/EES/2/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> þar sem bandaríska fyrirtækið Emerson Electric Company („Emerson“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Pentair plc („Pentair“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Emerson: þróun og sala á tæknibúnaði og vélrænum búnaði í atvinnugreinum sem varða ferli-stjórnun, sjálfstýribúnað í iðnaði, orkunet, loftslagstækni og lausnir fyrir fyrirtæki og íbúðar-húsnæði. Emerson framleiðir loka, stjórnæki, iðnaðarvörur og vörur fyrir sjálfvirkar lausnir fyrir margvíslegar atvinnugreinar. Starfsemi Emerson fer fram á heimsvísu.
  - Pentair valves and controls business: hönnun, framleiðsla, markaðssetning dreifingar og þjónusta í tengslum við loka, rafhreyfa, tækjavæðingu og sjálfvirknivæðingu í iðnaðar- og orkuverkefnum um heim allan.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 9, 12.1.2017). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8207 – Emerson Electric/Pentair valves and controls business, og eftirfarandi póstarsíturn:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8252 – TPG Capital/Intel Security)**

2017/EES/2/06

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. desember 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið TPG Capital, sem lýtur yfirláðum bandaríska fyrirtækisins TPG, öðlast með hlutafjar kaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag, að fullu yfirláð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu Intel Security.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - TPG Capital: hluti af TPC, sjálfstætt fjárfestingarfyrirtæki sem stýrir margs konar sjóðum sem fjárfesta í ýmsum félögum með því að kaupa fyrirtæki og endurskipuleggja þau.
  - Intel Security: fyrirtæki sem hannar og þróar öryggislausnir fyrir netþjóna, tölvur, snjallsíma og önnur tæki.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 8, 11.1.2017). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8252 – TPG Capital/Intel Security og eftirfarandi póstáritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2017/EES/2/07****(mál M.8279 – NN Group/CBRE/PV/Real Estate Portfolio in Germany)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. desember 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið NN Group N.V. („NN Group“), í gegnum hollenskt dótturfélag alfarið í eigu þess síðarnefnda, REI Germany Cross Docks B.V., og bandaríska fyrirtækið CBRE Group Inc. („CBRE“) ásamt ítalska fyrirtækinu Poste Vita („PV“), í gegnum þróunarsjóð, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í eignasafni flutningafyrirtækis sem felur í sér tíu fasteignir í Þýskalandi („Portfolio“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - NN Group: alþjóðleg fjármálastofnun sem býður fjárfestinga- og tryggingaþjónustu.
  - CBRE: fyrirtæki sem er skráð í kauphöll (Kauphöll New York) og býður þjónustu í tengslum við fasteignir, m.a. í ESB.
  - PV: ítalskt tryggingafélag sem er hluti af Poste Italiane og býður þjónustu á sviði pósthjónustu, flutninga, sparnaðar og fjárfestinga, greiðslufyrirkomulags, trygginga og stafrænna samskipta.
  - Portfolio: felur í sér eftirfarandi 10 fasteignir (flutningastarfsemi) í Þýskalandi sem eru leigðar DHL samkvæmt langtímasamningum: DHL Aachen-Würselen, DHL Hamm, DHL Essen, DHL Moers, DHL Böblingen/Holzgerlingen, DHL Kassel, DHL Brühl/Köln, DHL Freiburg, DHL Dortmund, DHL Lörrach.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 3, 6.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8279 – NN Group/CBRE/PV/Real Estate Portfolio in Germany og eftirfarandi póstáritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8311 Altor Fund IV/Transcom WorldWide AB)**

2017/EES/2/08

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. desember 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sænska fyrirtækið Altor Fund IV („Altor“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í sænska fyrirtækinu Transcom Worldwide AB („Transcom“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Altor: fjárfestir í ýmsum atvinnugreinum með áherslu á fjárfestingar í meðalstórum fyrirtækjum í Norður-Evrópu.
  - Transcom: veitir víða um heim útviðstaða viðskiptaþjónustu og stuðning til utanaðkomandi aðila fyrir tilstuðlan símsvörunarstöðva.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 5, 7.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8311 – Altor Fund IV/Transcom WorldWide AB og eftirfarandi póstáritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.8316 – Advent/Brammer)**

2017/EES/2/09

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. desember 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Advent International Corporation („Advent“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Brammer plc („Brammer“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Advent: fjárfestingarsjóður sem fjárfestir í ýmsum atvinnugreinum víða um heim.
  - Brammer: fyrirtæki sem dreifir iðnaðarvörum til viðhalds, viðgerðar og yfirhalningar.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 3, 6.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8316 – Advent/Brammer og eftirfarandi póstáritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.8327 – Fairfax/Sagard Holdings/PSG)**

2017/EES/2/10

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. desember 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kanadíska fyrirtækin Fairfax Financial Holdings Limited („Fairfax“) og Sagard Holdings Inc. („Sagard“), sem lýtur yfirlýðingum Power Corporation of Canada, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirlýðingum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í eignum Performance Sports Group Ltd og bandarískra dótturfélaga þess í Bandaríkjunum og Kanada („PSG“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Fairfax: starfsemi á sviði eignatrygginga, slysatrygginga og endurtrygginga ásamt stýringu fjárfestinga.
  - Sagard: starfsemi á sviði fjárfestinga í meðalstórum, kauphallarskráðum fyrirtækjum í Bandaríkjunum. Sagard er dótturfyrirtæki Power Corporation of Canada sem er alþjóðlegt stjórnunar- og eignarhaldsfyrirtæki sem á hluti í fyrirtækjum innan fjárfestingarþjónustu, samskipta og annarra viðskiptageira.
  - PSG: fyrirtæki sem starfar á sviði þróunar og framleiðslu íþróttabúnaðar fyrir íshokki, rúlluskautahokki, háfleik (e. *lacrosse*), hafnarbolta og minnibolta (e. *softball*) svo og tilheyrandi fatnaðar og fótboltafatnaðar. Vörur þess eru markaðssettar undir vörumerkjunum BAUER, MISSION, MAVERIK, CASCADE, INARIA, COMBAT og EASTON.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkingu samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 5, 7.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8327 – Fairfax/Sagard Holdings/PSG og eftirfarandi póstarsitun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8328 – The Cerberus Group/Staples Europe)**

2017/EES/2/11

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. desember 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Promontoria Holding 192 B.V. („Promontoria“), sem er hluti af bandaríska fyrirtækinu Cerberus Group („Cerberus“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hollenska fyrirtækinu Staples Solutions B.V. („Staples Europe“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Cerberus: sjálfstætt fjárfestingarfyrirtæki sem fjárfestir í ýmsum tegundum fasteigna og lausafé, m.a. en ekki einvörðungu, í eigin fé, innlánskírteinum, fjárfestingarfyrirtækjum, verðbréfasjóðum, áskriftum, ábyrgðum, skuldabréfum, skuldaviðurkenningum, óveðtryggðum skuldabréfum, forkauprétti og öðrum tegundum verðbréfa innan ýmissa atvinnugreina víða um heim. Jafnvel þótt verulegur hluti veltu Cerberus-samstæðunnar eigi ekki rætur sínar að rekja til neinnar tiltekinnar atvinnugreinar eru fjármálaþjónusta, framleiðsla, byggingarefni og fasteignir mikilvægustu geirarnir þar sem velta dótturfélaga Cerberus-samstæðunnar verður til.
  - Staples Europe: söluaðili skrifstofuvara, tæknivara og tækniþjónustu, rekstrarvara og fylgihluta í kaffistofur, húsgagna, ljósritunar- og prentþjónustu og ýmiss konar annarra vöruflokka til skrifstofunota fyrir fyrirtæki og neytendur.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 7, 10.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8328 – The Cerberus Group/Staples Europe og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8338 – Apax Partners/Unilabs)**

2017/EES/2/12

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. desember 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sjóðir, sem njóta ráðgjafar breska fyrirtækisins Apax Partners LLP („AP“), öðlast óbeint með hlutafjárkaupum í eigin eignarhaldsfélagi yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í sænska fyrirtækinu Unilabs Holding AB („Unilabs“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - AP: ráðgjafi framtakssjóða sem fjárfesta í ýmsum atvinnugreinum, t.d. innan tækni-, fjarskipta-, þjónustu-, heilbrigðis- og neytendageirans.
  - Unilabs: söluaðili greiningarþjónustu sem býður þjónustu í tengslum við líflæknisfræðilegar prófanir, læknisfræðilega myndgreiningu, æxlunarlæknisfræði og lyfjaþróun í ýmsum Evrópulöndum.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 5, 7.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8338 – Apax Partners/Unilabs og eftirfarandi póstarsítinu:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8339 – Macquarie/Predica/Pisto)**

2017/EES/2/13

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. desember 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ástralska fyrirtækið Macquarie Group Limited („Macquarie“) og franska fyrirtækið Prédica Prévoyance Dialogue du Crédit Agricole („Prédica“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í franska fyrirtækinu Macquarie Strategic Storage Facilities Holdings S.A.R.L., móðurfélagi Pisto-samstæðunnar („Pisto“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Macquarie: veitir banka- og fjármálaþjónustu, svo og ráðgjafar-, fjárfestinga- og sjóðstýringarþjónustu.
  - Prédica: hluti af Crédit Agricole-samstæðunni sem veitir ýmiss konar banka- og fjárfestingaþjónustu.
  - Pisto: stjórnar aðstöðu til að taka á móti, geyma og flytja olíuafurðir.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 7, 10.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8339 – Macquarie/Predica/Pisto og eftirfarandi póstarsíttun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.8364 – Onex/Parkdean)**

2017/EES/2/14

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> þar sem Richmond UK Bidco Limited, félag með sérstakan tilgang, sem endanlega lýtur óbeinum yfirráðum kanadíska fyrirtækisins Onex Corporation („Onex“), öðlast með hluta-bréfa kaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Parkdean Resorts Topco Limited („Parkdean“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Onex: félag með aðsetur í Kanada sem er skráð í kauphöllinni í Toronto og fjárfestir í fyrirtækjum í gegnum ýmsa framtakssjóði. Onex fjárfestir í margvíslegum rekstrarfélögum með starfsemi í ýmsum atvinnuvegum.
  - Parkdean: á og starfrækir 73 skemmtigarða víðs vegar í Bretlandi.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 10, 13.1.2017). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni mál M.8364 – Onex/Parkdean, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Ríkisaðstoð – Þýskaland****2017/EES/2/15****Ríkisaðstoð SA.24030 (2015/C) (áður 2015/NN) (áður N 512/07) – Tryggingar vegna fjárfestingar- og veltufjárlána í þágu Abalon Hardwood Hessen GmbH****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Þýskalandi, með bréfi dagsettu 17. febrúar 2016, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfarandi bréf birtist í Stjtið. ESB (C 4, 6.1.2017, bls. 17). Athugasemdir skal senda með eftirfarandi póstaritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State Aid Registry  
B-1049 Brussels  
Belgium  
  
Bréfasími: + 32 2 296 12 42  
Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdum þessum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Þýskalandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar****2017/EES/2/16****frá 21. október 2015****um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins****(mál AT.39639 – ljósfræðilegt diskadrif)**

Hinn 21. október 2015 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins. Í samræmi við ákvæði 30. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 <sup>(1)</sup>, hefur framkvæmdastjórnin nú birt nöfn aðila og meginefni ákvörðunarinnar (Stjtið. ESB C 484, 24.12.2016, bls. 27), m.a. álagðar sektir, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 1, 4.1.2003, bls. 1.



**Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu**

2017/EES/2/17

**Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug felldar niður**

Aðildarríki	Ítalía
Flugleiðir	Reggio Calabria–Pisa (báðar leiðir) Reggio Calabria–Bologna (báðar leiðir)
Upphaflegur gildistökudagur almannaþjónustukvaða	30. október 2016
Dagur sem almannaþjónustukvaðir falla niður	24. nóvember 2016
Póstáritun svo unnt sé að nálgast textann og allar viðkomandi upplýsingar og/eða skjöl sem varða almannaþjónustukvaðirnar	<i>Tilvísunarskjal</i> Stjtið. ESB C 301, 12.9.2015, bls. 11. Stjtið. ESB C 50, 10.2.2016, bls. 5. Nánari upplýsingar veitir: Ministry of Infrastructure and Transport Directorate-General for Airports and Air Transport Sími: +39 064158-3683/3681 Netfang: dg.ta@pec.mit.gov.it Vefslóð: <a href="http://www.mit.gov.it">http://www.mit.gov.it</a>

**Auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2016**

2017/EES/2/18

**Þriðja aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014–2020)**

Auglýst er eftir umsóknum 22. desember 2016 undir fyrirsögninni „Sjaldgæfir sjúkdómar – Stuðningur við nýja skráningu“ (Call ID HP-06-2016) á grundvelli þriðju aðgerðaáætlunar Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014–2020) <sup>(1)</sup>.

Í auglýsingu þessari eftir umsóknum er að finna:

- auglýsingu um tillögum um styrki vegna sértækra aðgerða í mynd verkefnastyrkja.

Frestur til að skila tillögum á netinu rennur út **21. mars 2017**.

Unnt er að nálgast allar upplýsingar, þ.m.t. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. mars 2016 um samþykkt starfsáætlunar fyrir árið 2016 í tengslum við framkvæmd þriðju aðgerðaáætlunar Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014–2020), svo og viðmiðanir sem ráða vali umsókna, styrkveitingum og öðrum atriðum í tengslum við fjárframlög til aðgerða samkvæmt áætluninni, á vef framkvæmdastofnunar neytenda- og heilbrigðismála og matvæla (Chafea): <http://ec.europa.eu/chafea/>

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 282/2014 frá 11. mars 2014 um að koma á fót þriðju aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014–2020) og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1350/2007/EB (Stjtið. ESB L 86, 21.3.2014, bls. 1).

**Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum****2017/EES/2/19**

Birt hefur verið í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins yfirlit um ákvarðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. nóvember til 30. nóvember 2016, sjá Stjtið. ESB C 490, 30.12.2016, bls. 1 og bls. 10.

Eftirfarandi viðbætur við ofangreint yfirlit hafa einnig verið birtar í [Stjtið. ESB C 490, 30.12.2016](#):

Frá 1. febrúar til 29. febrúar 2016: bls. 13

Frá 1. mars til 31. mars 2016: bls. 14

Frá 1. apríl til 30. apríl 2016: bls. 15

Frá 1. maí til 31. maí 2016: bls. 16

Frá 1. júní til 30. júní 2016: bls. 19

Frá 1. júlí til 31. júlí 2016: bls. 20

Frá 1. ágúst til 31. ágúst 2016: bls. 21

Frá 1. september til 30. september 2016: bls. 22